

Félagar

Í meira en 80 ár hefur íslenskt launafólk komið saman og farið í kröfugöngu til að berjast fyrir betri kjörum. Slagorðin hafa verið margbreytileg, en öll hafa þau miðað að því að bæta kjör íslenskrar alþýðu.

Það að við skulum koma saman fyrsta maí þjónar tvíþættum tilgangi. Við minnumst unninna sigra og áfanga í verkalýðsbaráttunni. Síðan erum við að stilla saman strengina og koma kröfum okkar á dagskrá.

Yfirskrift dagsins í dag er Atvinna fyrir alla. Það á sér nokkrar skírskotanir, eins og ég vík betur að á eftir.

Áður ætla ég þó að fara nokkrum orðum um nýgerða kjarasamninga. Stærstu samböndin á almennum vinnumarkaði hafa lokið kjarasamningsgerð, þar sem fram náðust ýmis þörf baráttumál. Sérstök ástæða er til að draga það fram að framlag í lífeyrissjóði eykst á samningstímanum og með því erum við að tryggja mikilvæg réttindi. Samningarnir í heild tryggja áframhaldandi aukningu kaupmáttar – gangi forsendur eftir.

Jafnframt er í þeim lögð áhersla á sérstaka hækkun lægstu launa, líkt og í undangengnum samningum.

Það er ljóst að nýgerðir kjarasamningar ógna ekki stöðugleikanum, þannig að hægt á að vera að hefja nýja sókn í atvinnumálum – eins og yfirskrift dagsins vísar til.

Í samningum við ríkið náðist fram viðurkenning ríkisins á réttmæti þess að launafólk í þjónustu ríkisins búi við sömu kjör og réttindi óháð því hvort það er í stéttarfélögum opinberra starfsmanna eða félögum á almennum vinnumarkaði. Þetta er búið að vera krafa okkar um árabíl. Oft hafa verið gefin fyrirheit, en þau hafa ekki gengið eftir.

Nýgerðir samningar fela í sér að stigin verða afgerandi skref í að jafna þessi réttindi á samningstímanum.

Ég hlýt þó að lýsa nokkrum vonbrigðum yfir aðkomu ríkisstjórnarinnar. Fyrir alþingiskosningar var mikill og góður samhljómur milli stjórnmalaflokkanna um velferðarmál.

Þessi atriði hafa ekki gengið eftir, þó menn hafi haft fleiri en eitt tækifæri til að hrinda í framkvæmd einhverju af því sem fyrirheit voru gefin um. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er að finna ýmis fögur fyrirheit – um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu - eflingu heilsugæslu, hækkun barnabóta og stuðning við fjölskyldur langveikra – svo fátt eitt sé nefnt.

Í fjárlögum gat aftur á móti að líta niðurskurð á mörgum sviðum og við höfum séð ýmis merki þar um, til dæmis í heilbrigðiskerfinu. Þær væntingar sem menn höfðu til efnda í kringum kjarasamningana í þessu sambandi gengu ekki eftir í þeim mæli sem við bundum vonir við – en við skulum vona að Eyjólfur hressist.

Í kjarasamningunum er að finna skýr tryggingaákvæði, sem fela það í sér að ef forsendur um verðlagsþróun standast ekki, þá eru uppsagnar- og endurskoðunarákvæða í samningunum.

Sagan kennir okkur að ábyrgð stjórnvalda er mikil í því sambandi. Hver man ekki eftir slagnum við rauðu strikin? Þar var komið í óefni, vegna þess að ríkisstjórnin brást ekki við þeim viðvörunarljósum sem loguðu hvarvetna. Skipti þá engu þó ríkisstjórninni væri ítrekað bent á hættunar. Það var ekki fyrr en menn horfðu beint framan í þann veruleika sem tryggingaákvæði þess samnings skilgreindu, að ríkisstjórnin tók við sér.

Þess vegna er lykilatriði að hafa slíkt ákvæði í samningum. Stjórnvöld virðast stundum ekki skilja annað en yfirvofandi ófrið. Ég hlýt þó að lýsa þeirri von, að menn læri af reynslunni og axli sína ábyrgð á því að forsendur haldi.

Þeir kjarasamningar sem ég hef hér gert að umtalsefni leggja grunn að því að hægt sé að hefja vinnu við þá stefnumótun í atvinnumálum sem við höfum kallað eftir og gera þær lagfæringar á velferðarkerfinu sem nauðsynlegar eru.

Yirskrift dagsins - Atvinna fyrir alla - er beint og eðlilegt framhald af þeirri vinnu sem farið var í á vettvangi Alþýðusambandsins í að móta áherslur í velferðarmálum og kynnt var fyrir síðustu alþingiskosningar.

Atvinna fyrir alla vísar til þeirrar skoðunar okkar að það beri að flétta saman áherslur í efnahagsmálum, atvinnumálum og félagsmálum. Það vísar til þess, að nú þegar við sjáum fram á að ástand í atvinnumálum verði væntanlega betra næstu árin, að minnsta kosti þar til þeim stórframkvæmdum sem nú eru í gangi lýkur – þá er rétti tíminn til að undirbúa árin sem á eftir koma.

Við höfum lýst talsverðum áhyggjum af breyttu umhverfi í atvinnulífinu. Ástandið í þjóðfélaginu og efnahagslífinu markaðist lengi af óttanum við verðbólguna. Í dag hafa þessar áhyggjur færst yfir á atvinnuleysið.

Undanfarin misseri höfum við kynnst vágesti sem hefur verið næstum óþekktum um alllangt skeið – það er langtímaatvinnuleysi. Það er nokkuð sem við getum ekki sætt okkur við.

Sumir stjórnámálamenn bjóða okkur upp á að atvinnuleysið sé ekki svo mikið og sé minna en víða annars staðar í Evrópu. Þetta er ekki boðlegt. Eina viðmiðunin sem við getum sætt okkur við er viðmiðunin við það ástand á Íslandi sem lengst af hefur verið - að atvinnuleysi af þessu tagi var ekki til. Við höfnum öllum hugmyndum um að til sé eitthvað sem hægt er að kalla náttúrulegt atvinnuleysi.

Atvinnuleysi er þjóðfélagslegt böll og auðvitað er það fyrst og fremst böll fyrir þann sem fyrir því verður. Það dregur hann niður og skaðar sjálfsmynd hans og sjálfstraust. Það atvinnuleysi sem nú hefur verið viðvarandi í nokkur misseri hefur helst bitnað á yngri hópum og þeim sem komnir eru yfir miðjan aldur. Það eru grundvallarmannréttindi að hafa vinnu. Um það sjónarmið hefur alltaf verið sátt á Íslandi og við hvikum ekki frá þessari skoðun.

Atvinna fyrir alla vísar einnig til þeirrar þróunar sem við höfum orðið vitni að á undanförunum árum og tengist breytingum á eignarhaldi í atvinnulífinu. Hlutabréfavæðing fyrirtækja hefur oft leitt til þess að eigendur hafa fjarlægst fyrirtækin sjálf og eina krafan sem stjórnendur standa frammi fyrir er að fyrirtækin skili arði. Þeir standa ekki reikningsskil gerða sinna heima í byggðarlaginu þar sem fyrirtækið er staðsett, né gagnvart því fólki sem hefur með vinnu sinni skapað þann auð sem fyrirtækið byggir á. Við höfum allt of mörg dæmi um að menn hafi lokað fyrirtækjum sem skapa grundvöllinn að atvinnulífi í heilu byggðarlögunum – af því að kvótinn skilar meiri arði annars staðar. Við höfum séð hrikta í stoðum sumra byggðarlaga á landsbyggðinni af þessum ástæðum.

Afleiðingarnar hafa verið gríðarlegir fólksflutningar af landsbyggðinni og því hefur fylgt margskonar vandi á höfuðborgarsvæðinu. Nægir þar að nefna spennu í húsnæðismálum og of lítið framboð af leiguhúsnæði. Þá er ónefnd mannlega hliðin.

Það hlýtur að vera erfitt að vera knúinn til að taka sig upp með allt sitt – slíta ræturnar við æskustöðvarnar – af því að þar er ekki hægt að sjá sér og sínum farborða. Allt af því að nýir eigendur atvinnufyrirtækjanna sjá meiri hagnaðarvon annars staðar.

Undanfarna daga höfum við heyrt um ævintýralegan hagnað bankanna fyrstu þrjá mánuði ársins. Eins og jafnan skýra þeir það ekki með viðskiptunum við venjulegt fólk – þau Jón og Gunnu. Að því leyti sem hagnaðurinn á sér einhverjar aðrar skýringar – þá er rétt að það komi skilmerkilega fram.

Í tengslum við kjarasamninganna var ákveðið að hækka atvinnleysisbætur í tæplega 89 þúsund krónur á mánuði. Þær munu síðan hækka í samræmi við hækkanir félaga í Starfsgreinasambandinu.

Hér er um góðan áfanga að ræða – sem rekja má til krafna verkalýðshreyfingarinnar. Það er aftur á móti ljóst að það stendur engin fjölskylda undir skuldbindingum sínum til langs tíma með þessar bætur. Það kom skýrt í ljós í velferðarumræðunni sem við stóðum fyrir, bæði hjá stóru sveitarfélögunum og hjálparstofnun kirkjunnar, að um helmingur þeirra sem leituðu aðstoðar hjá þessum aðilum var atvinnulaust fólk. Það segir meira en mörg orð um áhrifin af því að missa vinnuna. Þess vegna er það fagnaðarefni að fallist hefur verið á þá kröfu okkar að lög um atvinnulausa verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar, með það að markmiði að bæta stöðu atvinnulausra, eins og ráðherra hefur lýst yfir.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga, gengu Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins frá samkomulagi um málefni útlandinga. Það felur í sér miklar réttarbætur og útfærslur á því hvernig fara skuli með mál.

Í tengslum við stækkun Evrópusambandsins sem tekur gildi í dag, þegar 10 ný ríki ganga í sambandið, ákvað ríkisstjórn Íslands – meðal annars að ráði ASÍ – að fresta gildistöku ákvæða um frjálsta för einstaklinga frá hinum nýju ríkjum. Það ber þó ekki að túlka með þeim hætti að við séum á móti útlandingum. Síður en svo. Við erum aftur á móti þeirrar skoðunar að við höfum ekki undirbúið þetta nógu vel – við höfum ekki nýtt tímann nógu vel til að geta búið útlandum félögum okkar nægilega góð skilyrði. Við ætlumst því til að fresturinn verði notaður til að búa í haginn, þannig að við ráðum við það verkefni að honum loknum.

Reynslan af framkvæmdunum við Kárahnjúka hefur sýnt okkur að íslenskt samfélag var ekki tilbúið að takast á við þær aðstæður sem sköðuðust þar og svo virðist sem viðfangsefni þar hafi komið opinberum eftirlitsstofnunum í opna skjöldu – svo ótrúlegt sem það nú er.

Eins og ég sagði tekur stækkun Evrópusambandsins gildi í dag – fyrsta maí. Dagurinn markar því tímamót í Evrópu, nú þegar hluti af austurevrópuríkjunum gengur í Evrópusambandið.

Hér er ekki einungis um það að ræða að ríku Evrópuríkin sem voru í Evrópusambandinu taki fjárhagslega ábyrgð á ríkjum austur Evrópu. Þau eru jafnframt að taka ábyrgð á lýðræðislegri og félagslegri uppbyggingu í þessum ríkjum.

Það er ástæða til að binda vonir við að með þessu sé lagður grunnur að langþráðum friði og framfara- og uppbyggingarskeiði í Evrópu.

Það er ekki jafn friðvænlegt alls staðar í heiminum. Í Írak geisar styrjöld, eftir að Bandaríkjamenn og Bretar gerðu innrás í landið – þvert ofan í ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðleg verkalýðshreyfing og þar með íslensk – mótmæltu áformum um innrásina alla tíð. Við sögðum að rökin fyrir áformunum – það að Írakar væru hættulegir heimsfriðnum af því að þeir byggju yfir geryðingarvopnum – væru ekki trúverðug. Ekki

hafði tekist að finna slík vopn, þrátt fyrir að vopnaleyfingarsérfræðingar Sameinuðu þjóðanna væru búnir að leita lengi án árangurs.

Það er óneitanlega orðið ágengt í huga manns – hvort heimsfriðnum stafi meiri hætta af öðrum en ráðamönnum í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Verkalýðshreyfingin varaði við áformum um innrás í Írak og benti á að þau væri byggð á hæpnum forsendum. Jafnframt hvöttum við ríkisstjórn Íslands til að beita áhrifum sínum á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir átök. Þvert ofan í þá hvatningu studdi ríkisstjórnin Bandaríkjamenn og Breita til þessara verka. Það er ljóst að á Íslandi er mjög víðtæk andstaða við þennan verknað. Nú síðast lýsti prestastefna yfir mjög afdráttarlausri andstöðu við þátttöku Íslands í þessum stríðsrekstri.

Fyrir botni miðjarðarhafs halda sjálfsmorðsárásir palestínskra hryðjuverkahópa og ofbeldi Ísraelskers áfram. Í skjóli Bush Bandaríkjaforseta fremja stjórnvöld í Ísrael sífellt skelfilegri ódæðisverk á palestínsku þjóðinni. Ástandið þar hefur aldrei verið verra og það er sama hvað alþjóðasamfélagið – þar með talið Sameinuðu þjóðirnar – segir. Sharon og Bush láta það sem vind um eyru þjóta. - Þessu verður að linna.

Víkjum aftur hingað heim. Nú þegar mikill hluti vinnunnar við kjarasamninga er að baki, er tímabært að einhenda sér í það sem framundan er. Þar bíða okkur verkefni sem tengjast yfirskrift dagsins – mótun stefnu í atvinnumálum.

Eins og ég hef áður komið að, erum við þeirrar skoðunar að tengja beri saman umræðu um efnahagsmál, atvinnumál og félagsmál. Atvinnumálaumræðan sé beint og eðlilegt framhald af velferðarvinnunni á vettvangi ASÍ undanfarin tvö ár. Kjarasamningarnir styrkja hinn efnahagslega grunn, þannig að nú ætti okkur ekki að vera neitt að vanbúnaði. Síðasti ársfundur Alþýðusambandsins samþykkti ákveðna leiðsögn í þessu máli og næstu mánuði munum við leggja höfuðáherslu á þetta verkefni, þannig að við verðum í stakk búnir að skila frá næsta ársfundi ítarlegum tillögum í þessu efni.

Félagar

Undanfarin ár höfum við sannreynt það margsinnis hverju samstaða okkar fær áorkað.

Nýlegt dæmi er þegar okkur tókst með samtöðunni að berja á bak aftur þau áform sem ríkisstjórnin hafði um að rýra enn frekar þau réttindi sem atvinnulausir höfðu.

Hins vegar höfum við líka alltof oft á undanförunum áratugum fundið fyrir því hvaða áhrif skortur á nauðsynlegri samstöðu getur haft.

Þess vegna skulum við ítreka það núna á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins hversu mikilvægt það er að við göngum í takt. -- Það skilar okkur fram veginn – það kennir reynslan.

Félagar,

Ég vil að endingu óska okkur öllum til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks. Hann tengir okkur saman, þvert á tungumál - litarhátt og landamæri.